

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Teams

Dagsetning: 9. desember 2020

Tími: 17:00 til 17:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnadóttir (UEA), Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) voru viðstaddar fundinn. Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG) boðaði forföll.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Umræða um fæðingarorlof
3. Önnur mál
 - a) Nýliðamóttaka Rakel og Bylgja 2021. Á viðburðadagatal og hvernig framkvæmt?
 - b) Landsbyggðadeildir fundur sem var haldinn. Lending í málinu.
 - c) Stefnumótun, gult, rautt og grænt með stefnumótunina í janúar?
 - d) Áframhaldandi samstarf við HÍ og nú meistaranema.
 - e) Hádegi með stjórn eftir áramót með konum af öllu landinu.
 - f) Teams up and running í janúar.

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SH.

1. Dagskrá stjórnarfundar

HRÁ fór yfir dagskrá fundarins.

2. Önnur mál

i. Nýliðamóttaka 2021

Nýliðamóttakan verður haldin 21. janúar 2021. Andrea tekur málið áfram með skipuleggjendum, en Rakel Lind og Sigríður Bylgja hafa lýst yfir vilja til að styðja við verkefnið.

ii. Fundur með landsbyggðadeildum

Haldinn var fundur með landsbyggðadeildum og stjórn FKA sem var vel sóttur og gekk afar vel. Búist er við frekara samráði á milli landsbyggðadeilda í kjölfarið.

Í framhaldi af beiðni frá FKA Suðurlandi um tilfærslu fjármuna á milli ára sem tekin var fyrir á fundi 28. október sl. telur stjórn rétt að fylgja gildandi reglum um landsbyggðadeildir, sem kveða á um að ekki sé hægt að flytja fjármuni á milli starfsára. Stjórn er hins vegar opin fyrir því að taka sérstaklega til skoðunar ef fjármunir sem deildin hefur til ráðstöfunar á starfsárinu 2020-2021 duga ekki til

þessar starfsemi sem þar fer fram. Þess er þá vænst að haft verði samráð við stjórn áður en ákvörðun verður tekin um viðburði sem krefjast aukafjárveitingar. Framkvæmdastjóra er falið að upplýsa fulltrúa FKA Suðurlands um þessa niðurstöðu stjórnar.

iii. Stefnumótun, gult, rautt og grænt með stefnumótunina í janúar?

Ákveðið að setja fram á skipulegan hátt til félagskvenna upplýsingar úr stefnumótunarvinnu starfsárið 2019-2020, en ekki hefur verið mögulegt að halda áfram með stefnumótunarfundina í raunheimum það sem af er þessu starfsári. Fyrirhugað er að setja upplýsingar um stöðu stefnumótunarverkefna fram með skipulögðum hætti til félagskvenna svo hægt sé að sjá hvað af þeim verkefnum sem félagskonur lögðu áherslu á hafa komist til framkvæmda.

iv. Áframhaldandi samstarf við HÍ

Tveir nemar frá HÍ hafa starfað í verkefni sem tengist greiningu bókhaldsferla og öflun tilboða í bókhaldsþjónustu FKA. Óskað hefur verið eftir áframhaldandi samstarfi við FKA með nema úr HÍ en stjórn og framkvæmdastjóri voru sammála um að rétt sé að bíða til næsta hausts með að skoða nýjan samning við HÍ.

v. Hádegi með stjórn eftir áramót með konum af öllu landinu

Ákveðið var að hádegisfundir með stjórn á nýju ári verði haldnir mánaðarlega á fyrirfram ákveðnum dagsetningum. Ef ekki verður hægt að gera það í raunheimum verður þeim fram haldið á netfundum. Stjórnarkonur munu skipta með sér umsjón á hádegisfundum.

vi. Teams up and running í janúar

Unnur hefur tekið að sér að aðstoða Andreu við að koma TEAMS í virkni í öllum nefndum og deildum. Stefnt er að því að það verði gert strax eftir áramót.

vii. Þjónustukönnun

Þjónustukönnun verður send út til félagskvenna og verður framkvæmd í höndum Vigdísar og Andreu.

viii. Fundur vegna frumvarps um fæðingarorlof

Farið var yfir aðdraganda þess og meðhöndlun á stuðningi FKA við frumvarp um fæðingarorlof. Haldinn verður fundur með þeim FKA konum sem á málinu hafa áhuga til að ákveða næstu skref í málinu, 9. desember kl. 17.30.

ix. Endurgjöf til framkvæmdastjóra

Stjórn veitti framkvæmdastjóra munnlega endurgjöf þar sem þakkað var fyrir framlag framkvæmdastjóra til þess að tryggja virkni félagsins þrátt fyrir Covid 19 og þær takmarkanir sem því fylgja. Stjórn samþykkti að gefa framkvæmdastjóra veglega jólagjöf til að mæta þeirri miklu yfirvinnu og álagi sem verið hefur á síðustu mánuðum í starfinu.

Fleira var ekki gert.

Fundi sliti kl. 17:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.